



Geymsluskápar

Geymsluskápar eru ætlaðir þeim sem nota safnið að staðaldri í lengri eða skemmri tíma og vilja geyma vinnugögn sín í safninu yfir nótt.

Í Þjóðarbókhöðu eru 144 skápar
á þremur hæðum hússins:

Á 2. hæð: 24 skápar

- allir við lyftu í NA horni
(skammtímaleiga, í 1-2 daga)

Á 3. hæð: 60 skápar

- 24 í SA horni
- 12 í SV horni
- 24 í NV horni
(leiga til lengri tíma, hámark eitt misseri)

Á 4. hæð: 60 skápar

- 24 í SA horni
- 24 í SV horni
- 12 í NV horni
(leiga til lengri tíma, hámark eitt misseri)

Úthlutun og notkun

Lyklar fást afhentir í þjónustuborði á 2. hæð gegn framvísun bóka-safnsskírteinis og greiðslu tryggingargjalds að upphæð kr. 3000.

Þegar skápur er opnaður fellur 50 króna peningur, sem er eign safnsins, í rennu neðst í lásnum á hurðinni innanverðri. Til þess að læsa skáp og taka lykil úr skrá þarf að setja 50 króna peninginn í rauf efst í lásnum og fellur hann síðan í fyrirnefnda rennu næst þegar opnað er.

Reglur

Skáparnir eru ætlaðir þeim sem nota safnið að staðaldri í lengri eða skemmri tíma og vilja geyma vinnugögn sín í safninu yfir nótt.

Ætlast er til að skápur sé notaður vikulega og ber að skila lykli ef um minni notkun er að ræða.

Notkun er án endurgjalds en tryggingargjald að upphæð kr. 3000 er innheimt þegar lykill er afhentur. **Tryggingargjald er endurgreitt þegar lykli er skilað.**

Lyklum að skápum í langtímaleigu skal skilað í lok misseris. Þeim sem hafa notað skápana reglulega er heimilt að endurnýja leiguna. Er það gert í þjónustuborði á 2. hæð eða með tölvupósti utlan@landsbokasafn.is.

Ef skápþegi skilar ekki lykli eða endurnýjar leiguna á tilsettum tíma verður skipt um skrá á viðkomandi skáp og því hent sem í honum er. Tryggingargjald er notað upp í kostnað sem af þessu hlýst.

Skápþegi skuldbindur sig til þess að fylgja reglum um notkun skáps sem hann hefur fengið til afnota og **ber ábyrgð á lykli** svo lengi sem hann er skráður fyrir honum.

Óheimilt er að geyma eftirtalið í geymsluskápum:

- Bækur og önnur safngögn sem ekki hafa verið skráð í útlán í þjónustuborði á 2. eða 4. hæð
- Efni sem er aldrei lánað út s.s. tímarit, handbækur og námsritgerðir
- Efni á dagsláni úr námsbókasafni
- Matvæli

Safnið áskilur sér rétt til þess að fylgjast með notkun á skápum og vísa þeim frá sem brjóta reglur þessar.

Vinsamlegast athugið að engin ábyrgð er tekin á því sem geymt er í skápunum.

Starfsmönnum er einungis heimilt að opna skáp til þess að koma orðsendingum til skila.